

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Bæjarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald. Gjaldldagi er 15. júlí ár hvert.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Fyrir lögbyli sem er í ábúð allt að	kr.	25.000
Fyrir orlofshús allt að	kr.	5.000
Fyrir sumarbústað allt að	kr.	1.000
Fyrir ferðaþjónustu allt að	kr.	20.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Bæjarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. er gjaldldagi gjalda árið 1996, 15. desember 1996.

Umhverfísráðuneytinu, 15. nóvember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfir-fasteignamatnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða, sumarrhúsa og sumarrhúsalóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum, sbr. þó staflíði b., c. og d. hér á eftir, hækki um 2% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,02.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli í eftirtöldum sveitarfélögum hækki um 12%: Eyrarsveit, Rangárvallahreppi, Stokkseyrarhreppi og Eyrarbakkahreppi og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,12.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli í eftirtöldum sveitarfélögum hækki um 8%: Sandgerði, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi, Akranesi, Stykkishólmi, Hvammstangahreppi, Ólafsfirði, Egilsstöðum, Eskifirði, Hvolhreppi og Ölfushreppi og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,08.

d. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum þéttbýlisstöðum hækki um 5%: Borgamesi, Dalvík, Höfn og Vestmannaeyjum og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,05.

e. Matsverð hlunninda verði óbreytt og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.

Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningum samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins um einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1995 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærnum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember nk. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1996.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 596 22. nóvember 1995.

Fjármálaráðuneytinu, 21. nóvember 1996.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Að tillögu bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er gildistöku auglýsingar nr. 585/1996 um umferð á Ísafirði dagsettri 31. október 1996, sem birt var í Stjórnartíðindum 20. nóvember sl. og í Lögbirtingablaðinu þann 15. nóvember sl., frestað ótímabundið, en auglýsingin átti að taka gildi þann 1. desember 1996.

Reglur þær sem greinir í auglýsingu nr. 585/1996 eru eftirfarandi: